

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 56 27. febrúar 1982 um tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:
Hafi vörusending verið sett í tollvöruheymslu skal 1% tollafgreiðslugjald ákveðið skv. 2. gr., eingöngu greitt af tollverði þeirra vara sem 1% gjaldið hvílir á og tollafgreiddar eru hverju sinni úr tollvöruheymslu, en ekkert tollafgreiðslugjald skal innheimt af þeim vörum úr sömu vörusendingu sem gjaldskyldar eru skv. 3. gr. Hafi tollafgreiðslugjald af vörusendingu sem sett er í tollvöruheymslu hins vegar verið ákveðið skv. 3. gr. skal það greitt við tollafgreiðslu úttektar hverju sinni í hlutfalli við verðmæti úttektar af gjaldskyldri vöru úr sendingunni.

2. gr.

Orðin „eða úttektarbeiðni, hafi vara verið sett í tollvöruheymslu“ í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar og orðin „eða úttektarbeiðni“ í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

1. málslíður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Af eftirtöldum vörum skal við tollafgreiðslu greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð þeirra samtals innan við 5 000 kr. skal greiða af þeim 50 kr., sbr. þó 3. mgr. 1. gr. að því er varðar vörusendingar sem settar hafa verið í tollvöruheymslu.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt I kafia laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum skal þegar öðlast gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. mars 1982.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.